

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar - Mars 2017

## Atvinnuleysi minnkaði talsvert í mars

Skráð atvinnuleysi í mars var 2,4% og minnkaði um 0,5 prósentustig frá febrúar. Eftir að áhrifa sjómanna-verkfalls hætti að gæta í mars hefur atvinnuleysi lækkað hratt auk þess sem áhrifa árstíðasveiflu fer að gæta.

Fjöldi atvinnulausra er um 24% meira í mars en í september á síðasta ári. Er þetta mun meiri aukning frá september til mars heldur en verið hefur síðustu ár. Aukningin er einkum meðal fólks með grunnskóla-menntun og styttra starfsnám að baki. Þá er þetta frekar bundið við landsbyggðina en höfuðborgarsvæðið.

Síðastliðin tvö ár hefur hlutfall feðra verið að meðaltali 29% þeirra sem fengu greitt úr Fæðingarorlofsjóði og var hlutfallið hæst í júlí 2015 þegar feður voru 39% en lægst 24% í nóvember 2016. Hlutfall feðra af heildarfjölda í fæðingarorlofi var 26% í mars 2017, sem er nánast sama hlutfall og í mars 2016.

Alla jafna er lítil breyting á fjölda í fæðingarorlofi milli mars og apríl og áætla Vinnumálastofnun að fjöldi foreldra í fæðingarorlofi breytist lítið í apríl en í maí hefjist hefðbundin fjölgun feðra sem taka fæðingar-

orlof og má gera ráð fyrir að sú fjölgun haldi áfram fram í júlí.

Gerðir voru 34 nýir vinnusamningar öryrkja í mars, en í heild eru 849 virkir samningar á landinu öllu.


Frá áramótum hafa um 140 ungmenni mætt í greiningarviðtöl og af þeim eru um 1/3 ekki lengur í þjónustu Vinnumálastofnunar.

Á Akureyri hefur verið í boði námsleið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í samvinnu Vinnumálastofnunar og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar sem ber heitið Stökkpallur og er ætlað að undirbúa unga námsmenn og atvinnuleitendur til þátttöku á vinnumarkaði eða í áframhaldandi nám. Á Akureyri var 18 manna hópi atvinnuleitenda boðin þátttaka í Stökkpallinum. Verkefnið hefur reynst vel og útskrifaðist hópurinn fyrir stuttu.

Ferðaþjónustufyrirtæki og tengdir aðilar hafa fengið útgefin um þriðjung af þeim atvinnuleyfum sem gefin hafa verið út það sem af er árinu 2017.

Í mars voru fyllt 316 pláss á svokölluðum starfsleitar- og hæfnisnámskeiðum sem eru námskeið eða kúrsar í 2-5 skipti þar sem lögð er áhersla á sjálfstyrkingu, ferilskrárgerð og annað tengt atvinnuleitinni.

Skráð atvinnuleysi í mars 2015 til mars 2017



## Greining atvinnuleysis


# Atvinnuleysi í mars og horfur til næstu mánaða

Skráð atvinnuleysi í mars mældist eins og fyrr segir 2,4% og voru að jafnaði 4.102 einstaklingar á skrá í mánuðinum. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 980 á atvinnuleysissskrá frá febrúar.

## Búseta atvinnulausra, kyn og aldur

Atvinnuleysi minnkaði alls staðar á landinu en einkum þar sem atvinnuleysið hafði aukist hvað mest vegna sjómannaverkfallsins. Atvinnuleysið minnkaði því mun meira á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu eða um 1,4 prósentustig en einungis 0,1 prósentustig á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi eftir landshlutum



Mest var atvinnuleysið í mars á Norðurlandi eystra eða 3,0%, en hafði þó lækkað úr 4,9% frá fyrri mánuði. Næstmest var atvinnuleysi á Suðurnesjum, 2,8% og hafði einnig lækkað mikið frá fyrra mánuði þegar það var 4,4%. Einna mest lækkaði atvinnuleysið milli mánaða á Vestfirðum, eða úr 5,3% í 2,5%.

Alls voru 2.056 karlar að jafnaði atvinnulausir í mars og 2.046 konur. Atvinnuleysi var 2,2% meðal karla og 2,6% meðal kvenna í mars. Atvinnuleysi lækkar nokkuð milli ára og er nú 0,3 prósentustigi lægra meðal karla og hálfu prósentustigi lægra meðal kvenna en í mars 2016.

Alls voru 600 einstaklingar á aldrinum 18-24 ára atvinnulausir í lok mars í ár sem samsvarar um 2,3% atvinnuleysi. Atvinnulaus ungmenni voru yfir 700 í mars 2016 og hefur því fækkað um 17% sem er meiri fækkun en meðal annarra aldurshópa.

## Lengd atvinnuleysis

Alls höfðu 882 verið án atvinnu í yfir 1 ár í lok mars en 1.093 í marslok 2016 og hefur því fækkað um 211 milli ára. Þeim sem verið höfðu án atvinnu í 6 mánuði eða lengur fjölgaði um 88 frá febrúar og voru 1.766 í lok mars. Hins vegar fækkaði þeim um 467 frá mars í fyrra.

## Starfsstéttir og atvinnugrein

Atvinnulausum fækkaði í öllum starfsstéttum frá mars 2016 nema hvað heldur fleiri sjómenn voru á

**GREIÐSLUSTOFA  
GREIDDI**

**848 milljónir**

**Í MARS**

**Þar af voru:**

**769 milljónir** vegna hefðbundinna atvinnuleysisstrygginga.

**27,5 milljónir** vegna barnadagpeninga.

**51 milljón** vegna tekjutengdra atvinnuleysisstrygginga.


atvinnuleysisrá nú í mars en á sama tíma fyrir ári. Þá var fækkunin minni í hópi verkafólks en í öðrum starfsstéttum.

Þegar breytingar eru skoðaðar eftir atvinnugreinum má sjá að fleiri eru nú á skrá í sjávarútvegsgreinum en fyrir ári en fækkun er í flestum öðrum greinum, einkum ýmsum þjónustugreinum.

### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 1.066 erlendir ríkisborgarar án atvinnu í lok mars eða um 24% allra atvinnulausra og hafði fækkað um 37 frá febrúar. Flestir erlendu ríkisborgararnir komu frá Póllandi, 630 eða um 59% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Þessi fjöldi samsvarar um 5,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni



### Horfur til næstu mánaða

Atvinnuleysi lækkar jafnan milli mars og apríl og er gert ráð fyrir að svo verði einnig í ár og að atvinnuleysi verði á bilinu 2,1-2,3% í apríl.

Þá er gert ráð fyrir að atvinnuleysið lækki áfram fram á sumar í takt við hefðbundna árstíðasveiflu og fari niður undir 1,7% yfir sumarmánuðina, en vaxi þá aftur lítið eitt til ársloka.

### Þjónusta við atvinnuleitendur


## Vinnumiðlun, ráðgjöf og þjónusta við einstaka hópa

### Atvinnuleitendur sem fóru af skrá

Alls fóru 780 manns af skrá í marsmánuði. Um 480 þeirra fóru í vinnu eða um 62% heildarhópsins. Þá voru um 200 manns (26%) sem staðfestu einfaldlega ekki atvinnuleit í lok mars eða mættu ekki í boðað úrræði eða viðtal og má gera ráð fyrir að hátt hlutfall þeirra hafi farið í vinnu.

Ýmsar aðrar ástæður eru fyrir afskráningu þeirra tæplega 100 (12%) manns sem eftir standa. Þannig fóru 16 af skrá þar sem bótaréttur var fullnýttur, 24 voru óvinnufærir eða fóru í einhver endurhæfingareða meðferðarúrræði, 22 fóru í fæðingarorlof og nokkrir fóru af bótum af ástæðum eins og vegna búferlaflutninga, náms eða úrskurða um að menn ættu ekki rétt á bótum.

Ástæður afskráningar



Um 55% þeirra sem fóru af skrá voru karlar og 45% konur, en hlutfall karla og kvenna á skrá í mars skiptist hins vegar nokkuð jafnt. Hærra hlutfall karla (65%) fór í vinnu en kvenna (56%), en konur hættu í meira mæli af öðrum ástæðum og vegur fæðingarorlof þar þyngst. Um 38% þeirra sem voru á skrá höfðu verið atvinnulausir í hálf tveimur árum eða lengur, en hlutfall þeirra

sem verið höfðu hálf ár á skrá var mun lægra meðal þeirra sem afskráðust, eða aðeins um 22%. Um 31% þeirra sem verið höfðu innan við hálf ár á skrá hættu án þess að gefa upp ástæður afskráningar, en aðeins um 8% þeirra sem verið höfðu lengur en hálf ár, sjá meðfylgjandi töflu.

	Innan við hálf ár	hálf til eitt ár	Lengur en ár
Fór í vinnu	60%	72%	58%
Gáfu ekki upp	31%	7%	8%
Annað	8%	21%	34%
Samtals	100%	100%	100%

Margir þeirra sem fóru í starf nýttu sér þjónustu vinnumiðlunar Vinnumálastofnunar við atvinnuleitina. Sumum var miðlað beint í starf af atvinnuráðgjafa, aðrir fengu ráðgjöf og urðu sér út um starf á eigin spýtur og enn aðrir voru einungis skráðir atvinnulausir og fundu sér starf án nokkurrar aðstoðar.

## Margskonar vinnumiðlunarþjónusta

Vinnumálastofnun miðlaði 16 atvinnuleitendum í störf á grundvelli starfsþjálfunarsamnings í mars þar sem fyrirtækið fær fjárhagslegan styrk í 6 mánuði til að ráða atvinnuleitanda í tiltekið starf. Alls voru um 100 einstaklingar starfandi í slíkum starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum í mars.

EURES evrópsk vinnumiðlun miðlaði 34 einstaklingum í störf á Íslandi í mars eftir að fyrirtæki höfðu óskað eftir starfskrafti í gegnum miðlunina. Gerðir voru 34 nýir vinnusamningar öryrkja í mars en í heild eru 849 virkir samningar. Ráðgjafadeild Vinnumálastofnunar miðlaði þess utan 11 einstaklingum sem fengu fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg í starf í mars á grundvelli samnings Vinnumálastofnunar og Reykjavíkurborgar.

## Auglýst störf í vinnumiðlun í mars


Í mars komu alls inn 279 ný laus störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar. Flest þeirra, eða 117 (42%) voru á höfuðborgarsvæðinu, því næst á Norðurlandi eystra 15% og á Suðurlandi 14%, en um 30% eru annars staðar á landinu. Mest er um ýmis konar störf fyrir verkafólk, eða um 35% auglýstra starfa. Annars er um nokkuð fjölbreytta flóru starfa að ræða eins og fram kemur í meðfylgjandi töflu.

	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- og sérfræðistörf, skrifstofufólk	41	15%
Matreiðslumenn, kokkar, þjónar og þernur	27	10%
Umönnunar- og gæslustörf	35	13%
Afgreiðslustörf í verslunum og matsöslustöðum	26	9%
Iðnaðarmenn	11	4%
Bílstjórar og vélafólk	30	11%
Verkafólk í þjónustu, einkum ferðaþjón.	37	13%
Verkafólk í iðnaði, landbún., fiskvinnslu	62	22%
Óvíst	10	4%
Samtals	279	100%

## Pátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, viðtöl, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Í mars voru fyllt 756 pláss á svokölluðum kynningarfundum víðs vegar um landið þar sem farið var yfir helstu réttindi og skyldur atvinnuleitandans auk þess sem kynnt voru nytsamleg verkfæri í atvinnuleitinni.

Þjóðerni þeirra sem sóttu stutta kynningarfundu í mars



Þátttaka á slíkum fundum er tiltölulega jöfn milli kynjanna þótt karlar séu ívið fleiri. Athygli vekur að nú er hlutfall útlendinga á slíkum fundum orðið 27%.

## GREININGARVIÐTÖL

Undanfarna mánuði hafa ráðgjafar hjá Vinnumálastofnun unnið að því að boða atvinnuleitendur á aldrinum 18 – 29 ára í ítarlegt ráðgjafarviðtal.

Í viðtalinu er lagt mat á þjónustu sem hver og einn þarf og unnið er með viðkomandi út frá niðurstöðum greiningarlista sem viðkomandi fyllir út í viðtalinu.

Frá áramótum hafa um **140 ungmenni mætt í viðtal** og af þeim eru um **1/3 ekki lengur í þjónustu** Vinnumálastofnunar. Hinir eru í markvissri þjónustu hjá ráðgjafa sínum ásamt því að vera í einhvers konar gæðaúrræðum á vegum stofnunarinnar.


Í mars voru fyllt 316 pláss á svokölluðum starfsleitar- og hæfnisnámskeiðum sem eru námskeið eða kúrsar í 2-5 skipti þar sem lögð er áhersla á sjálfstyrkingu, ferilskrargerð og annað tengt atvinnuleitinni. Þátttaka á slíkum styttri námskeiðum er frekar nýtt fyrir Íslendinga eða í 90% tilfella. Kynjahlutföllin á slíkum námskeiðum eru hins vegar hnífjöfn.

Atvinnuleitendum stendur til boða að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að taka kúrsa og fög á framhalds- og háskólastigi samhliða atvinnuleit sinni. Í mars nýttu 130 einstaklingar þann rétt sinn. Konur eru þar í meirihluta eða 68%.

Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmyndar með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í mars unnu 32 einstaklingar að slíkri hugmynd, 10 karlar og 22 konur, af þeim voru 3 útlendingar.

Tungumálanámskeið eru mikið nýtt fyrir þá atvinnuleitendur sem ekki hafa náð tökum á íslensku. Alls fóru 124 einstaklingar á tungumálanámskeið í mars.

Kynjaskiptingin á tungumálanámskeiðum í mars



## STÖKKPALLUR

Á Akureyri hefur verið í boði námsleið á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins í samvinnu Vinnumálastofnunar og Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar, SÍMEY.

Verkefnið ber heitið Stökkpallur og er ætlað að undirbúa unga námsmenn og atvinnuleitendur til þátttöku á vinnumarkaði eða áframhaldandi nám.

Þátttakendur vinna markvisst að eigin færniuppbyggingu með markmiðasetningu, þjálfun í samskiptum og tjáningu, auknu fjármálalæsi, skipulögðum vinnubrögðum við upplýsingaleit og aukinni hæfni til að taka þátt í námi og starfi.

Á Akureyri var **18 manna hópi** atvinnuleitenda boðin þátttaka í Stökkpallinum og útskrifaðist hann nú fyrir stuttu. Hópurinn náði mjög vel saman sem styður þá kenningu hve hópefli reynist vel sem hluti af uppbyggingarferli. Þau stofnuðu facebooksíðu sem heitir **Taktu skrefið** en þar deila þau reynslu sinni, hvatningarorðum til annarra og myndböndum sem þau hafa útbúið.

Þessi námsleið reyndist mjög vel og mun verða boðið upp á hana aftur næsta haust.


## Atvinnuleit erlendis

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES ríkis í allt að þrjá mánuði fáir þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsjó með. Við slíkar kringumstæður heldur atvinnuleitandi réttindum sínum áfram á Íslandi meðan á atvinnuleit stendur í öðru landi. Í mars fengu 39 einstaklingar U2 vottorð og fóru flestir í atvinnuleit til Póllands eða 27 talsins.

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa einnig þann möguleika að flytja réttindi sín í atvinnuleysisstryggingakerfinu til annars EES ríkis. Í mars voru 50 einstaklingar sem nýttu sér slíkan rétt sinn og var þá algengast að réttindin yrðu flutt til Póllands eða í helming tilfella.

Í þeirri þenslu sem nú ríkir á íslenskum vinnumarkaði ætti að vera nokkur eftirspurn eftir því frá öðrum löndum að hefja hér atvinnuleit. Engu að síður eru sárafáir atvinnuleitendur í öðrum löndum EES að nýta sér slíka möguleika þegar horft er til þeirra leyfa sem önnur lönd veita sínum atvinnuleitendum til atvinnuleitar á Íslandi. Sá fjöldi hefur farið niður ár frá ári og umfangið er lítið.

Fjöldi útlendinga með leyfi til atvinnuleitar á Íslandi fyrstu þrjá mánuði árána 2014-2017



## Útlendingar


# Útlendingar á íslenskum vinnumarkaði

## Atvinnugreinar tengdar ferðaþjónustu með tæplega þriðjung útgefna atvinnuleyfa

Í mars gaf Vinnumálastofnun út 151 atvinnuleyfi til útlendinga til að starfa hér á landi. Gefin hafa verið út 463 atvinnuleyfi það sem af er ári. Af útgefnum leyfum í marsmánuði voru 66 til nýrra útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, 42 framlengingar, 7 leyfi á grundvelli þjónustusamnings og 24 leyfi til námsmanna.

Sé atvinnugreinaflokkun þeirra atvinnurekenda sem hafa fengið útgefin atvinnuleyfi skoðuð kemur í ljós að starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja og tengdra aðila hefur fengið útgefið um 31% af þeim atvinnuleyfum sem gefin hafa verið út það sem af er árinu. Í meðfylgjandi töflu sjást fimm stærstu atvinnugreinaflokkarnir sem hafa fengið útgefið atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017.

Útgefin atvinnuleyfi það sem af er árinu 2017, eftir atvinnugreinum







## Fjöldi starfsmanna á vegum erlendra þjónustufyrirtækja og starfsmannaleigna eykst á milli mánaða

Fjöldi þeirra erlendra fyrirtækja sem starfa hér á landi heldur áfram að aukast. Í marsmánuði voru samtals 49 erlend fyrirtæki starfandi samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar. Fjöldi starfsmanna á vegum þessara fyrirtækja voru samtals 475. Þá voru starfsmenn starfsmannaleigna, innlendra sem erlendra, samtals 1.104 í mánuðinum á vegum 28 starfsmannaleigna.

Meðfylgjandi súlurit sýna aukningu á milli mánaða á árinu 2017.



## Fæðingarorlof


# Þróun á fjölda feðra í fæðingarorlofi

### Karlar í fæðingarorlofi

Þann 15. október 2016 hækkaði hámarksgreiðsla fæðingarorlofs úr 370.000 kr. á mánuði í 500.000 kr. Var þeirri hækkun meðal annars ætlað að koma til móts við þá þróun að hlutfall feðra sem fóru í fæðingarorlof hafði minnkað nokkuð eftir lækkun hámarksfjárhæðar fæðingarorlofs í kjölfar efnahagsáfallsins.

Í kjölfar hækkunar hámarksgreiðslu fækkaði feðrum sem fengu greitt úr Fæðingarorlofssjóði í nóvember en fjölgaði nokkuð í desember og janúar. Í desember fengu 1.230 feður greitt fæðingarorlof en höfðu verið 1.069 sama mánuð árið áður. Alls fengu 1.265 feður greitt orlof í janúar sem er tæplega 200 fleiri en sama mánuði árið 2016.


Feðrum í fæðingarorlofi fækkaði í febrúar, en alla jafna fækkar feðrum í fæðingarorlofi milli janúar og febrúar. Fækkunin var þó meiri en búist var við og voru færri feður sem fengu greitt úr Fæðingarorlofssjóði í febrúar en samsvarandi mánuði síðustu 2 árin á undan. Fjöldi feðra í fæðingarorlofi í mars var 995 sem er aukning um 55 milli ára en þó 69 feðrum færri en samsvarandi mánuð 2015.



## Árstíðarsveiflur í fjölda feðra í fæðingarorlofi

Alla jafna er nokkur árstíðarsveifla í fjölda feðra í fæðingarorlofi. Fjölgar þeim yfirleitt nokkuð á sumrin og er fjöldi feðra yfirleitt í hámarki í júlí og fækkar svo hægt fram í desembermánuð þegar þeim fjölgar aftur. Fjöldi mæðra í fæðingarorlofi sveiflast nokkuð minna.

Síðastliðin tvö ár hefur hlutfall feðra verið að meðaltali 29% þeirra sem fengu greitt úr Fæðingarorlofsjóði og var hlutfallið hæst í júlí 2015 þegar feður voru 39% en lægst 24% í nóvember 2016. Hlutfall feðra af heildarfjölda í fæðingarorlofi var 26% í mars 2017, sem er nánast sama hlutfall og í mars 2016.



Athygli vekur að eftir hækkun hámarksgreiðslu fæðingarorlofs fjölga feðrum í fæðingarorlofi milli ára í mánuðum sem eru alla jafna háir meðal feðra, en

## ÁBYRGÐASJÓÐUR LAUNA GREIDDI

# 28 launamanni

vangoldin laun vegna gjaldþrota fyrirtækja í mars.

## HÓPUPPSAGNIR

Í mars var tilkynnt um

# 2 hópuppsagnir

þar sem 65 starfsmönnum var sagt upp störfum, 45 í framleiðslu og 20 í fiskvinnslu.

hefur minni áhrif þá mánuði sem eru yfirleitt lágir.

Alls greiddi Fæðingarorlofsjóður rúmar 800 milljónir kr. til 3.760 foreldra í fæðingarorlofi fyrir mars, 2.765 konum og 995 körlum.

Alla jafna er lítil breyting á fjölda í fæðingarorlofi milli mars og apríl og áætla Vinnumálastofnun að fjöldi foreldra í fæðingarorlofi fjölgi lítið í apríl en í maí hefjist hefðbundin fjölgun feðra í töku fæðingarorlofs sem mun fjölga fram í júlí.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölu út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnþáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra